



Reykjavík 7. október 2015

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, mál 140.**

Samtök ferðaþjónustunnar (samtökin) hafa farið yfir drög að frumvarpi um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, mál 140 og hafa eftirfarandi athugasemdir

**1. gr.**

Samtökin telja skilgreiningu á óbyggðu víðerni vera of þrönga og leggja til að leitað verði til sérfræðinga úr ferðamálafræðum í háskólasamfélaginu til að nálgast skilgreiningu sem þessa með fræðilegum hætti enda hafa verið gerðar rannsóknir á síðustu misserum sem sýna fram á að upplifun fólks á víðernum er með öðrum hætti en skilgreiningin segir til um.

**6. gr.**

Samtökin telja að gera þurfi ávæði í 18. gr. um almannarétt skýrt þannig að landeigendum verði óheimilt að takmarka almannaréttinn með gjaldtöku vegna farar um land. Ákvæði sem þetta eyðir óvissu sem uppi hefur verið undanfarin misseri og gerir ferðaþjónustuaðilum kleift að skipuleggja starfsemi sína í samráði við landeigendur á grundvelli þess virðisauka sem þjónustan felur í sér.

**10. gr.**

Samtökin leggja til að 3. mgr. 22. gr. orðist svo: „*Utan þéttbýlis skal einungis nota tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi, húsbýla og annan sambærilegan búnað á skipulögðum tjaldsvæðum.* Þá leggja samtökin til að seinni hluti setningarinnar, „... og svæðum á óræktuðu landi sem tengjast vegum sem heimilt er að aka og þar sem ekki er hætt á skemmdum á náttúrunni.“ verði felldur niður. Að auki leggja samtökin til að bætt verði við málsgreinina nýrri setningu: „*Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð undanþágur frá þessu ákvæði.*“ Ástæða þess að þetta er lagt til er sú þróun sem orðið hefur síðustu misseri á umferð húsbíla hér á landi.

**13. gr.**

Samtökin telja að 31. grein laganna um akstur utan vega sé mjög flókin og óskiljanleg. Gera þarf greinina að nýju með það að markmiði að skýrt sé að akstur utan vega sé bannaður með fáum undantekningartilfellum sem verða að vera vel rökstudd.

Samtökin benda á að náttúruvernd er einn mikilvægasti þátturinn í umhverfi ferðaþjónustu og samgöngum almennt. Nauðsynlegt er að lög um málaflokkinn séu skýr með sjálfbærni náttúrunnar að leiðarljósi og að landsmenn sem aðrir ferðamenn geti notið þess að ferðast óhindrað um landið.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari athugasemdir við frumvarpið á seinni stigum.

Virðingarfyllt

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Gunnar Valur Sveinsson